

Nd.

## 651. Frumvarp til laga

[300. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 68/1976.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

### 1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

### 2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

### 3. gr.

25. gr. laganna (5. gr. laga nr. 68/1976) breytist á þessa leið:
- Í stað orðsins „verð“ í 2. mgr. komi: hámarksverð.
  - Orðin „hinu skráða“ í sömu mgr. falli niður.

### 4. gr.

Síðasti málslíður 32. gr. laganna orðist svo:

Leyfi skal veita uppfylli aðili fyllstu kröfur um heilbrigði og hollustuhætti við meðferð og geymslu grænmetis og gróðurhúsaafurða og gildir leyfið til tveggja ára í senn.

### 5. gr.

Í stað 1. málslíðar 34. gr. laganna komi tveir málslíðir sem orðist svo:

Ríkisstjórnin (viðskiptaráðuneytið) veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti. Leyfið skal því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og innflutningsaðili uppfylli kröfur um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. 32. gr.

### 6. gr.

Síðari málsg. 36. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila skv. fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá leita umsagnar þeirra um leyfisveitingar, skv. 32. og 34. gr.

### 7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna (10. gr. laga nr. 68/1976) falli niður.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

## Greinargerð.

Með þessu frumvarpi til laga er lagt til að lögum nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði svo breytt, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið fari með yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. nefndra laga. Ekki er lögð til önnur breyting á Grænmetisverslun landbúnaðarins en sú, að fleiri aðilar fái að versla með þessar vörutegundir, að uppfylltum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að Sexmannanefndin ákveði ekki verð á þeim matvælum, sem hún fjallar um, heldur hámarksverð.